

# *Samfélagsspor Arnarlax samstæðunnar á árinu 2017*

---



## Efnisyfirlit

- 1** Samfélagsspor
  - 2** Ágrip af sögu félagsins
  - 3** Samantekt
  - 4** Beinir skattar
- 
- 5** Óbeinir skattar
  - 6** Skattar af starfsmönnum
  - 7** Lífeyrissjóður
  - 8** Aðrir skattar og gjöld
-

# Hvað er samfélagsspor?

Samfélagsspor er tæki fyrir íslensk fyrirtæki til að sýna með einföldum hætti þær skattgreiðslur og gjöld sem fyrirtækið greiðir til samfélagsins.

Um er að ræða stutta samantekt sem veitir upplýsingar um það hvaða skatta og gjöld félagið greiðir. Þannig má útskýra flókin skattamál á einfaldan hátt. Einnig eru settar fram aðrar upplýsingar sem talið er að auki skilning á þeim virðisauka sem félagið skapar með rekstri sínum.

Hættan af skattaumræðu í fjölmiðlum getur verið sú að hlutir geta verið teknir úr samhengi eða að ofuráhersla sé lögð á einstaka gjöld eða skatta. Með samfélagsspori er gefin heildstæð mynd af öllum sköttum og gjöldum sem renna til opinberra aðila í einni samantekt.

Þannig er hægt að öðlast góða yfirsýn yfir málaflökkinn á augabragði. Bæði er hægt að nota skýrsluna til að veita almenningi innsýn í skattaprófil fyrirtækisins en líka til þess að bregðast hratt við fyrirspurnum einstaklinga eða fjölmiðla eða vegna óskýrleika í opinberri umræðu.

Einnig má nota samfélagssporið innan fyrirtækisins. Upplýsingarnar í skýrslunni geta veitt leiðbeiningar við gerð viðskiptaáætlana auk þess sem skattgreiðslur kunna að gefa stjórnendum ákveðnar vísitölur varðandi rekstur fyrirtækisins á milli ára.



## *Samfélagsspor*

# *Skattar skiptast í tvennt:*



Samfélagsspor fyrirtækis samanstendur af öllum þeim sköttum og gjöldum sem fyrirtæki greiðir til ríkis, sveitarfélaga og lífeyrissjóða.

Skattar skiptast venjulega í tvennt, annars vegar skatta fyrirtækisins (s.s. tekjuskattur og virðisaukaskattur) og svo skatta mannaúðs fyrirtækisins (tekjuskattur, útsvar, tryggingagjald).

Auk þess greiða félög ýmis opinber gjöld til ríkis og sveitarfélaga. Er í samfélagssporinu einnig gerð grein fyrir þessum gjöldum.

## Ágrip af sögu félagsins

# „Arnarlax hf. var stofnað árið 2009”



Arnarlax hf. var stofnað árið 2009 í Bíldudal á Vestfjörðum og er starfssemi félagsins fólgin í laxeldi í sjó. Félagið rekur eigin sjókvíar og framleiðslustöðvar fyrir eigin afurðir. Framleiðsluleyfi félagsins eru í tengslum við Arnarfjörð, Tálknafjörð og Patreksfjörð og nema leyfin 14.500 tonnum af laxi.

Árið 2014 tók félagið upp norska framleiðslustaðla fyrir laxeldi. Á því ári var gengið frá kaupunum á þjónustuskipi og hafist var handa við að bæta eldis- og framleiðsluástöðu fyrirtækisins.

Þann 1. júlí árið 2017 keypti Arnarlax hf. félagið Fjarðalax hf. og við það varð starfsemin umfangsmeiri. Fjarðarlax hafði þá hafið ræktun á sjöundu kynslóð laxahrogna.

Fyrirhugaðar eru framkvæmdir við byggingu kassaverksmiðju á Bíldudal auk stækkunar seiðastöðvar í Tálknafirði.

## Samantekt

# Skattar og gjöld námu samtals kr. 679,7 milljónum

### Greiddir skattar og gjöld (m.kr.)


Tryggingagjald	65	78
Gjöld í lífeyrissjóð	140	124
Gjald í umhverfissjóð	27	30
Aðflutningsgjöld	57	18
Hafnargjöld og önnur gjöld til sveitarfélaga	118	48
Önnur gjöld	7	19

### Innheimtir skattar (m.kr.)

Staðgreiðsla starfsmanna

	2017	2016
<b>414</b>	<b>317</b>	
266	299	
<b>266</b>	<b>299</b>	
<b>680</b>	<b>616</b>	

Gjöld alls



- Tryggingagjald
- Gjald í umhverfissjóð
- Hafnargjöld og önnur gjöld til sveitarfélaga
- Staðgreiðsla starfsmanna
- Gjöld í lífeyrissjóð
- Aðflutningsgjöld
- Önnur gjöld

Greiðslur á árinu til hins opinbera og lífeyrissjóða námu samtals kr. 679,7 milljónum á árinu 2017 samborið við kr. 616 milljónir árið 2016

## 4. Beinir skattar

# Tekjuskattur



Tekjuskattur félagsins reiknast af hagnaði ársins. Fjárhæðin skiptist í tvennt, annars vegar skatt sem kemur til greiðslu á næsta ári og hins vegar frestaðan skatt sem greiðist seinna. Gildandi skattprósenta er 20%.

Félagið er sem stendur stutt í mikilli uppbyggingu og hefur lagt út mikinn kostnað vegna starfseminnar á undanförunum árum. Uppbygging laxeldis er kostnaðarsöm og hefur félagið enn ekki skilað hagnaði. Gert er ráð fyrir því í fjárhagsáætlun félagsins að það muni skila hagnaði á þessu ári. Félagið hefur því ekki greitt tekjuskatt þar sem félagið hefur verið með skattalegt tap undanfarin ár.

## 5. Óbeinir skattar

# Tollar og vörugjöld/aðflutningsgjöld



Aðflutningsgjöld eru opinber gjöld sem félagið greiðir vegna aðkeypra aðfanga erlendis frá. Er þar um að ræða tolla og vörugjöld á hinum ýmsu vörum sem greidd eru til ríkissjóðs. Greidd aðflutningsgjöld námu kr. 56,6 milljónum á árinu 2017 samanborið við 18 milljónir á árinu 2016.

Virðisaukaskattur er óbeinn skattur sem leggst á virðisaukaskattskylda aðila. Er hann innheimtur af innlendum viðskiptum á öllum stigum. Fyrirtækið greiðir innskatt af keyptum aðföngum.

Fyrirtækið selur vörur sínar að stærstum hluta til útlanda. Útflutningur vörunnar sem framleidd er, skilar þjóðarbúinu tekjum og færir gjaldeyri inn í landið. Útflutningur er undanþeginn virðisaukaskatti. Velta samstæðunnar á árinu 2017 nam kr. 8.033 milljónum en á árinu 2016 nam hún kr. 3.558 milljónir.

*Greidd aðflutningsgjöld ársins 2017 námu samtals kr. 56,6 milljónum.*



## 6. Skattar af starfsmönnum



# Heildarlaunakostnaður nam kr. 1.116 milljónum

Meðalfjöldi starfsmanna á árinu 2017 hjá Arnarlaxi og tengdum félögum var um 98 starfsmenn en voru 118 á árinu 2016. Til viðbótar starfa þar verktakar við ýmis verkefni. Af launum hvers starfsmanna reiknast skattar og opinber gjöld. Vinnuveitandi sér um að halda eftir staðgreiðslu af launum og tryggingagjaldi.

Staðgreiðsla af launum sem standa á skil á skiptist í tvennt: Annars vegar tekjuskatt einstaklinga sem rennur til ríkisins og hins vegar útsvar sem rennur til sveitarfélagsins þar sem starfsmaðurinn er búsettur. Tryggingagjald er gjald sem rennur í atvinnuleysistryggingasjóð og er síðan ráðstafað í fleiri félagslega jöfnunarsjóði.

Tryggingagjald er gjald sem rennur í atvinnuleysistryggingasjóð og er síðan ráðstafað í fleiri félagslega jöfnunarsjóði. Auk þeirra beinu starfa í fiskeldi sem Arnarlax skapar, myndast líka fleiri tengd afleidd störf í þjónustu og aukinni umsýslu.

Samkvæmt upplýsingum frá Samtökum fiskeldisstöðva er talið að bein störf í fiskeldi á Íslandi hafi 2016 verið 360 störf og tengd og afleidd störf um 200 störf. Heimfært á starfsemi Arnarlax þýðir þetta að ca. 55 störf skapast utan félagsins af tilvist samstæðu Arnarlax. Sem dæmi um þau afleiddu störf sem skapast við fiskeldi má nefna þjónustustörf, afurða- og fódurflutningar, eftirlitsstörf og margt fleira.




Skattar af starfsmönnum námu kr. 330,7 milljónum, þar af kr. 265,7 milljónir í staðgreiðslu skatta og kr. 65 milljónir í tryggingagjald.

## 7. Lífeyrissjóður

### „Félagið greiðir 10% mótframlag af launum í lífeyrissjóð starfsmanna.“

Starfsmenn Arnarlax voru að meðaltali 98 talsins á árinu 2017 og greiða þeir lögum samkvæmt 4% af launum sínum í lífeyrissjóð. Félagið sem laungreiðandi greiðir 10% mótframlag í lífeyrissjóð starfsmannsins.

Hjá félaginu starfa einnig verktakar og sjá þeir sjálfir um að standa skil á greiðslum í lífeyrissjóð.



*Samtals hafa framlög í lífeyrissjóði numið kr. 139,8 milljónum á árinu 2017.*

## 8. Aðrir skattar og gjöld

### *Fasteignagjöld*



Fasteignagjöld eru gjöld sem eru lögð á allar fasteignir árlega. Þau skiptast m.a. niður í fasteignaskatt, lóðaleigu, sorphirðugjald og gjald vegna endurvinnslustöðva. Er gjaldið hærra á atvinnuhúsnæði en á íbúðahúsnæði.

Fasteignagjöldin sem Arnarlax greiðir renna til sveitarfélaganna þar sem atvinnuhúsnæði félagsins er staðsett. Greidd fasteignagjöld ársins 2017 námu kr. 2,9 milljónum samanborið við kr. 4,5 milljónir á árinu 2016.

*Greidd fasteignagjöld námu samtals  
kr. 2,9 milljónum.*

## Aðrir skattar og gjöld

# Gjöld til Umhverfissjóðs sjókvíaeldis

Arnarlax hf. greiddi samtals tæplega 27 milljónir króna í Umhverfissjóð sjókvíaeldis á árinu 2017 samanborið við tæplega kr. 30 milljónir á árinu 2016. Markmið sjóðsins er að lágmarka umhverfisáhrif af völdum sjókvíaeldis. Er sjóðurinn fjármagnaður af handhöfum fiskeldisrétthafa, líkt og Arnalax, og fjármagnar sjóðurinn verkefni sem lúta að því að aðlaga fiskeldi á Íslandi sem best að umhverfisskilyrðunum sem hér eru fyrir hendi. Þannig má lágmarka umhverfisáhrif af völdum sjókvíaeldis.

Sjóðurinn sinnir þessu hlutverki sínu með þeim hætti að hann greiðir kostnað við rannsóknir til dæmis vegna burðarþolsmats, vöktunar og annarra verkefna sem stjórn sjóðsins ákveður auk þess sem honum er heimilt að veita veiðiréttihöfum styrki til að meta kostnaði af tekjumissi sem ekki er hægt að rekja til ákveðinnar eldisstöðvar. Á árinu 2018 úthlutaði sjóðurinn alls 228 milljónum króna í slík verkefni en úthlutun nam kr. 87 milljónum á árinu 2017.



*Greidd gjöld í umhverfissjóð námu tæplega kr. 27 milljónum á árinu 2017.*

## Aðrir skattar og gjöld

# „Ýmis gjöld til ríkis og sveitarfélaga“

Arnarlax er með megin starfsemi sína í Vesturbyggð og Tálknafirði. Í tengslum við þessar starfsstöðvar greiðir félagið ýmis gjöld sem renna til þessara sveitarfélaga. Er meðal annars um að ræða ýmis þjónustugjöld, gjöld vegna heilbrigðiseftirlits og gjöld til byggingarfulltrúa.


Hafnargjöld eru gjöld sem renna í hafnarsjóð viðkomandi hafnar. Gjaldið tekur mið af stærð skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi og eru gjöldin greidd af öllum skipum sem koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og/eða nota þjónustu hennar.

Arnarlax greiðir auk hafnargjalda líka aflaggjöld í hafnarsjóð. Aflagjald er gjald sem greitt er af afla skipsins við löndun í höfninni.

Samstæðan greiddi til sveitarfélaga kr. 115,4 milljónir í ýmis gjöld á árinu 2017 samanborið við kr. 55 milljónir á árinu 2016. Stærsti hlutinn var vegna afla- og hafnargjalda eða samtals kr. 113,5 milljónir.


Mest var greidd til Vesturbyggðar á árinu, eða kr. 87,7 milljónir samanborið við kr. 55 milljónir á árinu 2016.

**Ríki og sveitarfélög**



■ Ríkið ■ Sveitarfélög

**Sveitarfélög**



■ Vesturbyggð ■ Tálknafjörður

Ýmis gjöld til ríkis og sveitarfélaga á árinu 2017 námu tæpum kr. 121 milljónum

## Aðrir skattar og gjöld


# Aðkeyptar vörur og þjónusta

Auk þess sem Arnarlax er með fjölda starfsmanna í vinnu þá kaupir félagið einnig vörur og þjónustu af ýmsum innlendum aðilum. Um er að ræða fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum, allt frá einyrkjum upp í stórfyrirtæki.

Á meðal þeirrar þjónustu sem þessir aðilar veita Arnarlaxi má nefna rafiðn, gámaþjónustu, skipaafgreiðslu, köfun, akstur og margt fleira.

Fyrirtæki sem Arnarlax kaupir vörurnar og þjónustuna af eru staðsett víðsvegar um landið.

Arnarlax samstæðan keypti innlendar vörur og þjónustu fyrir um kr. 3,5 milljarða sem er um 51% af rekstrarkostnaði á árinu 2017.



- Framleiðslukostnaður (þar með verktakar)
- Laun og tengd gjöld
- Annar rekstrarkostnaður

*Rekstrarkostnaður samstæðunnar án afskrifta nam samtals kr. 6.804 milljónum.*



©2018 PricewaterhouseCoopers ehf. Allur réttur áskilinn. „PricewaterhouseCoopers“ vísar til PricewaterhouseCoopers ehf. á Íslandi, nema ráða megi af samhengi eða beinum tilvisunum að vísað sé í önnur fyrirtæki sem mynda samstarf PricewaterhouseCoopers International Limited, sem öll eru lagalega sjálfstæðar einingar.